



Ágúst Már Garðarsson, hver er það og hvað er hann að vilja?

Ég er 4ra barna faðir í Goðheimunum þar sem ég bý með ástkonu minni Bergþóru Svövu Magnúsdóttur.

Ég hef áhuga á fótbolta, pólitík og matreiðslu, þess vegna býð ég mig fram til formanns Matvís og veit og trúi að ég sé góður maður í það starf, þvert á iðngreinarnar sem rúmast innan Matvís.

Það er þörf á að opna félagið meira og gera bæði heimasíðuna aðgengilegri og meira upplýsandi, sérstaklega fyrir unga fólkið okkar sem stundum á það til að missa af réttindum sínum.

Matvís þykir mér sérstaklega vænt um, Matvís hefur tvisvar hjálpað mér á erfiðum tímum vegna heilsubrests og er ég eilíflega þakklátur fyrir þann stuðning. Nú er bara kominn tími á að ég borgi Matvís tilbaka með starfskröftum mínum.

Ég er einn af stofnanendum Besta flokksins og sat sem varaborgarfulltrúi og í Velferðarráði Reykjavíkur, sú reynsla mun koma að góðum notum. Einnig hef ég tekið þátt í starfi Bjartrar Framtíðar, en því er ég hættur. Ég er ekki pólitíkus, ég er að leytast eftir trúnaðarstarfi fyrir félagi í Matvís til að berjast fyrir þeirra réttindum og auka faglegan styrk greinanna.

Ég trúi því að það þurfi að opna Matvís meira, gera það aðlaðandi fyrir ungt fólk og kynna starfsemina betur.

Ég sinnti sem ungur maður trúnaðarmannastörfum á vinnustöðum og sat í trúnaðarmannaráði Einingar og sat ársþing Verkamannasambands Íslands yngsti fulltrúi sögunnar.

Ég byrjaði í eldhúsi sem 12 ára drengur, ég þekki af eigin raun flest allt sem viðkemur veitingarbransanum og tengdum greinum einsog kjötið (lærði á KEA), Bakstri og að sjálfsgöðu þjónunum yndislegu sem ég hefði aldrei getað lifað án.

Ég býð mig fram sem sjálfstætt einstaklingsaframboð með einbeittann vilja að geta unnið með öllum óháð niðurstöðum kosninga. Ég tel að sjálfstæði mitt sé þar frekar kostur en galli. Þó að mér sé algerlega morgunljóst að formaður gerir lítið án samstarfs við stjórn og það sem meira er aðstoðar og stuðnings félagsmanna.

Ég vonast til að sem flestir nýti kosningaréttinn og taki þátt í mótun nýrrar stjórnar til framtíðar.